

FORSETABRÉF

92

13. okt.

um breytingu á forsetabréfi nr. 114/1945, um starfsháttu orðunefndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst ég á að gera svofellda breytingu á forsetabréfi nr. 114/1945:

Við 4. gr.: Í stað orðsins „tuttugu“ komi: tuttugu og fimm.

Gjört í Reykjavík, 13. október 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

93

27. nóv.

um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „25000“ í 1. gr. laganna komi: 30000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.